

UMBOÐSMAÐUR ALÞINGIS

Pórshamri, Templarasundi 5, 101 Reykjavík
Sími: 510 6700 • Netfang: postur@umbodsmadur.is
Heimasíða: www.umbodsmadur.is

Mál nr. F89/2020

Reykjavík, 9. ágúst 2021

Dómsmálaráðuneytið
Sölvhólsgötu 7
101 Reykjavík

I

Hér með tilkynnist að ég hef ákveðið að ljúka athugun embættis míns á afgreiðslutíma mála hjá sýslumanninum á höfuðborgarsvæðinu, einkum sífja- og þinglýsingamála. Upphaflegt tilefni athugunarinnar voru upplýsingar sem komu fram í máli einstaklings sem leitaði til umboðsmanns árið 2019 með kvörtun sem laut að töfum á afgreiðslu máls varðandi umgengni við barn hans. Í svörum sýslumanns í því máli kom fram að ástæður tafanna væru m.a. viðvarandi mannekla og jafnframt að óviðunandi bið væri eftir því að ágreiningsmál fengju umfjöllun hjá embættinu.

Af þessu tilefni var ákveðið að taka tafirnar til nánari athugunar á almennum grundvelli að eigin frumkvæði umboðsmanns. Í því tilliti var var óskað upplýsinga frá dómsmálaráðuneytinu um hvort það hygðist eða hefði þegar gripið til einhverra aðgerða til að bregðast við framangreindum vanda embættis sýslumannsins á höfuðborgarsvæðinu. Í svari ráðuneytisins kom fram að vegna nánar tilgreindra aðgerða ráðuneytisins og embættisins sjálfs hefði biðtími vegna þinglýsinga og skráninga styst. Þá voru jafnframt frekari aðgerðir boðaðar.

Eftir að umboðsmanni bárust svör dómsmálaráðuneytisins héldu áfram að berast ábendingar, m.a. frá lögmönnum, um tafir hjá sýslumanninum á höfuðborgarsvæðinu á ýmsum málefnasviðum. Umboðsmaður ákvað því að ljúka ekki athugun sinni að svo stöddu heldur fylgjast með hvaða árangur yrði af þeim aðgerðum sem lýst var í svörum ráðuneytisins. Í þeim tilgangi að fylgjast með framvindu málsins átti umboðsmaður í áframhaldandi samskiptum við ráðuneytið þar sem hann kallaði eftir upplýsingum um aðgerðir og árangur þeirra, nú síðast í maí sl.

II

Í svari ráðuneytisins, dags. 31. maí sl., kemur m.a. fram að ráðuneytið hafi fylgst reglulega með málsmeðferðartíma erinda sem berast fjölskyldu- og þinglýsingasviði sýslumannsins. Þá var vísað til skýrslu KPMG frá því í janúar um úttekt á starfsemi embættisins. Úttektin hafi m.a. leitt af sér að sýslumaður hafi leitað aðstoðar utanaðkomandi sérfræðings við straumlínulögun ferla og sé sú vinna enn í gangi. Að auki hafi sýslumaður tekið stöðugildi embættisins til endurskoðunar með það að markmiði að geta betur tekið mið af verkefnum og álagi eftir sviðum, auk þess að fjölga stöðugildum löglærðra fulltrúa á fjölskyldu- og þinglýsingasviði. Þá hafi sýslumaður sett sér áætlun um endurnýjun tölvubúnaðar og endurmenntun löglærðra fulltrúa, lagt grunn að eigin stefnu og markmiðssetningu ásamt öðrum sýslumannsembættum og tekið verklag í tengslum við sáttameðferð til endurskoðunar. Upplýst er að í janúar hafi sýslumanninum verið veitt rekstrarstyrking að fjárhæð 20 milljónir króna til viðbótar fyrri styrkingu. Þá sé til skoðunar hjá ráðuneytinu viðbótarrekstrarstyrking til að stytta biðtíma hjá sérfræðingum í málefnum barna með því að útvista hluta málanna til sjálfstætt starfandi sérfræðinga.

Af öðrum aðgerðum sem nefndar eru í bréfi ráðuneytisins má nefna aðgerðaáætlun til að stytta biðtíma á fjölskyldu- og þinglýsingasviði, tímabundnar tilfærslur verkefna til annarra sýslumannsembættanna og opnun nýs vefs sýslumannsembættanna í samstarfi við Stafrænt Ísland. Þá sé unnið að aukningu á stafrænni þjónustu, t.d. í tengslum við ýmiss konar umsóknir, auk þess sem rafrænar þinglýsingar hafi hafist í mars sl.

Loks er tekið fram að öðrum aðgerðum kunni að verða bætt við enda sé eftirfylgni gætt af hálfu ráðuneytisins og samráðsfundir með sýslumanninum á höfuðborgarsvæðinu áfram á dagskrá. Þó að biðtíma gæti áfram á ákveðnum sviðum sé það mat ráðuneytisins að þær aðgerðir sem gripið hafi verið til hafi borið árangur. Áfram sé þó tilefni til að fylgjast nái með þróuninni og halda áfram að vinna að umbótum á þeim sviðum þar sem enn sé um að ræða óeðlilegar tafir á málsmeðferð.

Í samantekt sýslumannsins á höfuðborgarsvæðinu, dags. 20. maí sl., sem fylgdi svari ráðuneytisins, kemur m.a. fram að almennt sé ekki lengur biðtími eftir að sífjamál sé tekið til meðferðar og um 80% sífjamála sé nú lokið innan 90 daga. Þótt árangur hafi orðið af aðgerðum vegna sáttameðferða hafi orðið mikil aukning á slíkum málum það sem af er ári 2021 og hafi það á skömmum tíma komið verkefnastöðu í svipað horf og hún var áður en átak á þessu sviði hófst. Mál sem vísað hafi verið til sáttameðferðar fyrir 15. október 2020 hafi verið tekin til meðferðar og sé meðalmálsmeðferðartími frá því að sáttamáli er úthlutað til sérfræðings og þar til því er lokið um 13 vikur. Í bréfinu eru raktar aðgerðir sem ætlað er að mæta vanda varðandi


UMBODSMÆÐUR ALÞINGIS

málsmeðferðartíma á þessu sviði. Loks kemur fram að biðtími eftir þinglýsingu sé nú 2-8 dagar.

II

Fyrirspurnir umboðsmanns voru settar fram í þeim tilgangi að meta hvort tilefni væri til þess að taka afgreiðslutíma sýslumannsins á höfuðborgarsvæðinu og eftirlit og yfirstjórn dómsmálaráðuneytisins í því tilliti til formlegrar athugunar að eigin frumkvæði, sbr. 5. gr. laga nr. 85/1997, um umboðsmann Alþingis. Í ljósi þeirra upplýsinga sem koma fram í tilvitnuðu svari ráðuneytisins og samantekt sýslumanns um þær aðgerðir sem þegar hefur verið ráðist í, svo og þann árangur sem af þeim hefur hlotist við að stytta málsmeðferðartíma hjá sýslumannsembættinu, hef ég ákveðið að hefja ekki slíka formlega athugun að svo stöddu. Ég mun þó áfram fylgjast með afgreiðslutíma mála hjá sýslumanninum á höfuðborgarsvæðinu, þ.á m. með hliðsjón af þeim kvörtunum og ábendingum sem mér kunna að berast, og taka til frekari athugunar ef ég tel ástæðu til.

Virðingarfyllst,



Skúli Magnússon